Deloitte.

# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

## Ársreikningur

## 2006

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar
Vegmúla 2
108 Reykjavík
Kt. 430269-6589

Aðili að
Deloitte Touche Tohmatsu

# Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar

Ársreikningur

# 2006

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun endurskoðenda | 2 |
| Skýrsla stjórnar | 3-4 |
| Yfirlit um breytingu á hreinni eign | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-13 |
| Kennitölur | 14 |

# Áritun endurskoðenda

**Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar.**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits lífeyrissjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af breytingu á hreinni eign lífeyrissjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög og reglur um ársreikninga.

Reykjavík, 23. apríl 2007.

Deloitte hf.

Knútur Þórhallsson

endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

## Fjöldi sjóðfélaga og fjárhæð móttekinna iðgjalda

Á árinu 2006 greiddu að meðaltali á mánuði 1.131 virkir sjóðfélagar iðgjöld til A-deildar sjóðsins samanborið við 1.271 að meðaltali árið 2005 og hafði greiðandi sjóðfélögum fækkað um 133 á árinu eða úr 1.201 virkum sjóðfélögum í desember 2005 í 1.068 í desember 2006. Alls áunnu sér 1.212 einstaklingar rétt á árinu samanborið við 1.364 árið áður. Óvirkir sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá sjóðnum eru samtals 15.910 talsins, 1.735 í A-deild en 14.175 í B-deild (stiga sjóður).

Innheimt heildariðgjöld ásamt mótframlagi launagreiðanda, voru tæplega 503 m.kr. og hækkuðu lítillega á milli ára og sömuleiðis endurgreiðslur eða viðbótariðgjöld sem voru 798 m.kr. á móti 712 m.kr. árið 2005.

Endurgreiðsluhlutfall greidds lífeyris var að tillögu tryggingastærðfræðings hækkað úr 62% í 64% frá ársbyrjun. Þær stofnanir og fyrirtæki sem gert hafa upp áfallnar lífeyrisskuldbindingar sínar eru eðlilega ekki krafin um hlutdeild í lífeyrisgreiðslum. Á árinu gerðu Faxaflóahafnir sf. upp skuldbindingar Reykjavíkurhafnar við sjóðinn með greiðslu að fjárhæð rúmum 834 m.kr.

Reykjavíkurborg og ríkið héldu áfram uppgjöri á áföllnum lífeyrisskuldbindingum hjá stofnunum sem voru í samrekstri á grundvelli samkomulags sem gert var árið 2004. Greiðsla til sjóðsins vegna þeirra nam um 35 m.kr. á árinu.

## Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu 2006 námu um 1.738 m.kr., sem er rúmlega 11% hækkun frá fyrra ári. Má rekja þá hækkun til fjölgunar lífeyrisþega á árinu 2006 sem og nýrra kjarasamninga. Að meðaltali fengu 2.454 einstaklingar á mánuði greiddan lífeyri þar af fengu 1.617 ellilífeyri, 352 örorkulífeyri, 445 makalífeyri og 40 barnalífeyri. Samsvarandi tölur fyrir árið 2005 voru: 2.086 að meðaltali á mánuði sem skiptist þannig: 1.328 ellilífeyrir, 319 örorkulífeyrir, 402 makalífeyrir og 38 barnalífeyrir.

## Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 13.179 m.kr. í árslok 2006 og nam hækkun hreinnar eignar frá fyrra ári 1.717 m. kr. krónum eða um 15%. Megin skýringin er uppgjör á áföllnum skuldbindingum Reykjavíkurhafnar. Nafnávöxtun fjárfestinga sjóðsins var um 11,0%. Hrein raunávöxtun ársins 2006 var þannig 3,8%. Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar var 4,8% sem er viðunandi þar sem sjóðnum hefur verið lokað og lífeyrisgreiðslur eru orðnar hærri en sem nemur iðgjöldum. Lífeyrisskuldbindingar eru núvirtar með 3,5% stuðli.

## Rekstur

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Rekstrarkostnaður nam tæplega 47 m. kr. sem er um 0,35% af hreinni eign samanborið við 0,38% árið áður. Fjárfestingagjöld voru rúmlega 10 m.kr. á móti tæplega 10 m.kr. árið 2005. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, þar sem Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga sér um rekstur hans samkvæmt samningi þar um.

## Tryggingafræðileg athugun

Samkvæmt athugun Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings sjóðsins á áunnum lífeyrisréttindum sjóðfélaga í árslok 2006 nam áfallin skuldbinding A-deildar lífeyrissjóðsins 50.886 m.kr. og áfallin skuldbinding B-deildar nam 2.105 m.kr. eða samtals 52.990 m.kr. Samtals hækka áfallnar skuldbindingar um 15%. Í töflu sem er hluti skýringa með ársreikningi er að finna frekari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, m.a. um þá hreinu eign sem sjóðurinn á til að mæta þessari skuldbindingu. Þess ber að geta að borgarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

# Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á afkomu sjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 23. apríl 2007.

**Í stjórn**

Alfreð Þorsteinsson
stjórnarformaður

Benedikt Geirsson

Garðar Hilmarsson

Sjöfn Ingólfsdóttir

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

**Framkvæmdastjóri**

Jón G. Kristjánsson

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 135.625.790 | 128.327.802 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 367.227.597 | 346.797.630 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (3.853.742) | (2.554.016) |
| Viðbótariðgjöld launagreiðenda | | 798.038.067 | 712.029.967 |
| Uppgjör áfallinna lífeyrisréttinda | | 870.127.122 | 83.528.555 |
| | | 2.167.164.834 | 1.268.129.938 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | (1.737.654.556) | (1.559.822.838) |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | | 0 | (286.368) |
| | | (1.737.654.556) | (1.560.109.206) |
| **Fjárfestingartekjur** | | | |
| Tekjur af eignarhlutum | 4 | (18.017.894) | 13.493.923 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | 4 | 1.363.145.408 | 834.457.943 |
| Breytingar á niðurfærslu | | 0 | (1.132.482) |
| | | 1.345.127.513 | 846.819.384 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (10.492.329) | (9.893.366) |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | | (46.786.485) | (42.162.872) |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | | 1.717.358.977 | 502.783.878 |
| Hrein eign frá fyrra ári | | 11.462.020.431 | 10.959.236.553 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 13.179.379.409 | 11.462.020.431 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2006

| | Skýr. | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 5 | 2.056.770.434 | 1.395.194.002 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 6 | 6.147.964.365 | 5.146.134.809 |
| Veðlán | 7 | 1.169.239.309 | 1.319.493.264 |
| | | 9.373.974.108 | 7.860.822.075 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 3.695.661.716 | 3.555.633.633 |
| | | 3.695.661.716 | 3.555.633.633 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Sjóður og veltiinnlán | | 192.909.239 | 159.562.162 |
| | | 192.909.239 | 159.562.162 |
| **Eignir alls** | | 13.262.545.063 | 11.576.017.870 |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | | 83.165.655 | 113.997.439 |
| **Skuldir alls** | | 83.165.655 | 113.997.439 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 13.179.379.408 | 11.462.020.431 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

| | Skýr. | 2006 | 2005 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | | 2.027.136.751 | 1.141.674.130 |
| Fjárfestingartekjur | | 742.855.815 | 441.288.183 |
| Afborganir verðbréfa | | 252.832.974 | 543.166.076 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 920.613.343 | 506.438.654 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 515.136.503 | 399.134.989 |
| | | 4.458.575.386 | 3.031.702.032 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | (1.736.090.976) | (1.554.110.417) |
| Fjárfestingargjöld | | (10.492.329) | (9.893.366) |
| Rekstarkostnaður | | (79.181.849) | (27.924.234) |
| | | (1.825.765.154) | (1.591.928.017) |
| Ráðstöfunarfé til kaupa á veðbréfum og annarri fjárfestingu | | 2.632.810.232 | 1.439.774.015 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | (1.467.932.210) | (757.717.071) |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | (1.131.530.945) | (679.039.405) |
| | | (2.599.463.155) | (1.436.756.476) |
| Hækkun á bankainnistæðum | | 33.347.077 | 3.017.539 |
| Bankainnistæður í ársbyrjun | | 159.562.162 | 156.544.623 |
| **Bankainnistæður í árslok** | | 192.909.239 | 159.562.162 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og hefur til þess fullgilt starfsleyfi. Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs.

Frá 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998, er heimilt að greiða áfram til hans. Launþegar greiða 4% og launagreiðendur 6% af iðgjaldastofni sem er föst laun fyrir dagvinnu að viðbættri persónuuppbót og orlofsframlagi.

Almennur réttur til töku ellilífeyris hefst þegar sjóðfélagi er orðinn 65 ára, enda láti hann þá af starfi. Sjóðfélaga er heimilt að hefja töku lífeyris fyrr ef samanlagður sjóðfélagaaldur hans og lífaldur er 95 ár eða meira, en þó aldrei fyrr en hann er orðinn 60 ára. Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri er hann verður fyrir orkutapi sem metið er á 10% eða meira. Látist sjóðfélagi á eftirlifandi maki rétt á lífeyri ævilangt og börn til 18 ára aldurs. Sjóðfélagi ávinnur sér 2% rétt á ári fyrir fullt starf og miðast lífeyrir við lokalaun sjóðfélagans í starfi. Þau laun taka breytingum samkvæmt vísitölu fastra dagvinnulauna opinberra starfsmanna eða, kjósi sjóðfélagi sem lætur af starfi til að hefja töku lífeyris, samkvæmt launum eftirmanns. Réttindin eru föst og ábyrgist Reykjavíkurborg og hlutaðeigandi stofnanir skuldbindingar sjóðsins.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og settar reikningsskilareglur. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings fyrra árs.

Verðbréfaeign sjóðsins skiptist í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Skilgreiningar á framangreindri flokkun ásamt matsaðferðum sem beitt er við hvern lið fjárfestinga eru eftirfarandi:

- Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf, hlutdeildarskírteini og önnur slík verðbréf með breytilegum tekjum eða verðbréf sem háð eru afkomu útgefanda. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Óskráð bréf eru metin á kaupverði eða áætluðu markaðsverði hvort sem lægra er.

- Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum sem gefin eru út af lánastofnunum, opinberum aðilum eða öðrum félögum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

- Veðlán eru útlán til sjóðfélaga sem veitt voru gegn veði í fasteignum. Sjóðfélagabréf eru færð til eignar með áföllnum vöxtum m.v. vaxtakjör þeirra.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## 3. Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur greinast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Ellilífeyrir | 1.203.036.953 | 1.072.918.273 |
| Makalífeyrir | 418.535.487 | 380.263.159 |
| Örorkulífeyrir | 112.697.700 | 102.759.222 |
| Barnalífeyrir | 3.384.416 | 3.882.184 |
| | 1.737.654.556 | 1.559.822.838 |
| Meðalfjöldi lífeyrisþega | 1.730 | 2.086 |

## 4. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum greinast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Eignarhlutar í erlendum hlutafélögum | (18.017.894) | 13.493.923 |

Vaxtatekjur, verðbætur og gengismunur greinast þannig:

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Af innlendum verðtryggðum skuldabréfum | 416.322.598 | 323.698.632 |
| Af veðlánum | 134.095.023 | 120.253.418 |
| Af innlendum hlutdeildarskírteinum | 78.025.520 | 30.471.147 |
| Af erlendum hlutdeildarskírteinum | 144.079.068 | 11.388.755 |
| Af bankainnstæðum | 14.293.857 | 7.931.166 |
| Af iðgjöldum og öðrum kröfum | 583.537.116 | 337.037.947 |
| Af erlendum skuldabréfum | (10.460.724) | 347.057 |
| Dráttarvextir og innheimtukostnaður | 3.252.949 | 3.329.821 |
| | 1.363.145.408 | 834.457.943 |

## 5. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

| | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum | 1.516.059.181 | 1.183.023.169 |
| Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum | 523.567.955 | 193.275.833 |
| Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum | 17.143.298 | 18.895.000 |
| | 2.056.770.434 | 1.395.194.002 |

Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum greinast þannig (eignarhlutdeild óveruleg):

| | 31.12.2006 |
|---|---|
| ***Skráðir sjóðir:*** | |
| Kaupþing banki hf. - Ríkisverðbréfasjóður, langur | 1.108.696.355 |
| Kaupþing banki hf. - Ríkisverðbréfasjóður, millilangur | 10.337.064 |
| Kaupþing banki hf. - Hávaxtasjóður | 65.078.491 |
| Kaupþing banki hf. - Peningamarkaðssjóður | 41.029.302 |
| Kaupþing banki hf. - ÍS-15 | 33.360.976 |
| Kaupþing banki hf. - ICEQ | 7.125.572 |
| Kaupþing banki hf. - Heildarvísitölusjóður | 2.384.373 |
| Íslensk verðbréf hf. - Alþjóðlegur skuldabréfasjóður | 88.729.120 |
| Íslensk verðbréf hf. - Peningamarkaðssjóður | 159.317.928 |
| | 1.516.059.181 |

Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum greinast þannig (eignarhlutdeild óveruleg):

| | 31.12.2006 |
|---|---|
| ***Skráðir sjóðir:*** | |
| Kaupþing banki hf. - Global Equitites | 462.756.700 |
| Kaupþing banki hf. - BRIC | 12.638.117 |
| | 475.394.817 |
| ***Óskráðir sjóðir:*** | |
| GIR Capital Management | 38.915.660 |
| Health Holding S.A. | 9.257.479 |
| | 48.173.139 |
| Erlendir verðbréfasjóðir alls | 523.567.956 |

Eignarhlutar í innlendum hlutafélögum greinast þannig (eignarhlutdeild óveruleg):

| | 31.12.2006 |
|---|---|
| ***Skráð félög:*** | |
| Bakkavör Group hf. | 13.125.000 |
| Kaupþing banki hf. | 4.018.298 |
| | 17.143.298 |

## 6. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

| | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Ríkisskuldabréf | 3.258.408.207 | 3.017.137.814 |
| Íbúðarbréf | 787.310.960 | 699.021.894 |
| Skuldabréf fyrirtækja og önnur skuldabréf | 590.917.424 | 644.027.777 |
| Skuldabréf lánastofnana | 1.057.096.856 | 334.070.126 |
| Húsnæðisbréf | 306.374.918 | 340.289.358 |
| Skuldabréf sveitarfélaga | 147.856.000 | 111.587.840 |
| | 6.147.964.365 | 5.146.134.809 |
| Áætlað markaðsverð | 6.167.810.184 | 5.032.451.348 |

## 7. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

| | 31.12.2006 | 31.12.2005 |
|---|---|---|
| Veðskuldabréf sjóðfélaga | 1.169.239.309 | 1.319.493.264 |

## 8. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | Verðbréf með föstum tekjum | Verðbréf með breytil. tekjum | Veðlán | Samtals 31.12.2006 | Samtals 31.12.2005 |
|---|---|---|---|---|---|
| Íslenskar krónur (ISK) | 6.147.964.365 | 1.572.118.138 | 1.169.239.309 | 8.889.321.812 | 7.694.539.521 |
| Bandaríkjadollarar (USD) | 0 | 0 | 0 | 0 | 83.352.282 |
| Evrur (EUR) | 0 | 475.394.817 | 0 | 475.394.817 | 58.644.638 |
| Japönsk yen (JPY) | 0 | 0 | 0 | 0 | 17.244.084 |
| Sænskar krónur (SEK) | 0 | 9.257.479 | 0 | 9.257.479 | 7.041.550 |
| | 6.147.964.365 | 2.056.770.434 | 1.169.239.309 | 9.373.974.108 | 7.860.822.075 |

## 9. Þóknanir

Laun stjórnar greinast þannig:

| | 2006 |
|---|---|
| Alfreð Þór Þorsteinsson, stjórnarformaður | 300.000 |
| Benedikt Geirsson | 187.716 |
| Garðar Hilmarsson | 150.000 |
| Helga Jónsdóttir | 47.145 |
| Sjöfn Ingólfsdóttir | 197.145 |
| Steinar Harðarson | 18.858 |
| Steinunn Valdís Óskarsdóttir | 150.000 |
| Þorgrímur Hallgrímsson | 47.145 |
| | 1.098.009 |

Þóknun til endurskoðanda greinist þannig:

| | 2006 |
|---|---|
| Endurskoðun ársreiknings | 559.809 |
| Innri endurskoðun | 496.949 |
| | 1.056.758 |

## 10. Tryggingafræðileg athugun

Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok 2006 greinist þannig (í milljónum króna):

| *A - deild:* | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2006 | Samtals 31.12.2005 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 11.177 | 0 | 11.177 | 9.687 |
| Endurmat verðbréfa | 584 | 0 | 584 | 819 |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar | (15) | 0 | (15) | (14) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 3.350 | 3.350 | 3.711 |
| Eignir alls | 11.746 | 3.350 | 15.096 | 14.203 |
| Ellilífeyrir | 37.592 | 7.802 | 45.393 | 40.978 |
| Örorkulífeyrir | 1.628 | 326 | 1.954 | 1.933 |
| Makalífeyrir | 10.748 | 1.587 | 12.335 | 11.296 |
| Barnalífeyrir | 56 | 0 | 56 | 82 |
| Rekstrarkostnaður | 862 | 225 | 1.088 | 965 |
| Skuldbindingar alls | 50.886 | 9.940 | 60.826 | 55.254 |
| Skuldbindingar umfram eignir | 39.140 | 6.590 | 45.730 | 41.051 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 76,9% | 66,3% | 75,2% | 74,3% |

| *B - deild:* | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2006 | Samtals 31.12.2005 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 2.003 | 0 | 2.003 | 1.775 |
| Endurmat verðbréfa | 105 | 0 | 105 | 150 |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar | (3) | 0 | (3) | (3) |
| Eignir alls | 2.105 | 0 | 2.105 | 1.922 |
| Ellilífeyrir | 1.666 | 0 | 1.666 | 1.496 |
| Örorkulífeyrir | 337 | 0 | 337 | 326 |
| Makalífeyrir | 66 | 0 | 66 | 69 |
| Rekstrarkostnaður | 36 | 0 | 36 | 31 |
| Skuldbindingar alls | 2.105 | 0 | 2.105 | 1.922 |
| Skuldbindingar umfram eignir | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 0,0% | 0,0% | 0,0% | 0,0% |

| *A og B - deildir samtals:* | Áfallin skuldbinding | Framtíðar skuldbinding | Samtals 31.12.2006 | Samtals 31.12.2005 |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 13.179 | 0 | 13.179 | 11.462 |
| Endurmat verðbréfa | 689 | 0 | 689 | 969 |
| Lækkun vegna núvirðis fjárfestingarkostnaðar | (18) | 0 | (18) | (17) |
| Núvirði framtíðariðgjalda | 0 | 3.350 | 3.350 | 3.711 |
| Eignir alls | 13.850 | 3.350 | 17.201 | 16.125 |
| Ellilífeyrir | 39.258 | 7.802 | 47.059 | 42.474 |
| Örorkulífeyrir | 1.965 | 326 | 2.291 | 2.259 |
| Makalífeyrir | 10.814 | 1.587 | 12.401 | 11.365 |
| Barnalífeyrir | 56 | 0 | 56 | 82 |
| Rekstrarkostnaður | 898 | 225 | 1.123 | 996 |
| Skuldbindingar alls | 52.990 | 9.940 | 62.930 | 57.176 |
| Skuldbindingar umfram eignir | 39.140 | 6.590 | 45.730 | 41.051 |
| Í hlutfalli af skuldbindingum | 73,9% | 66,3% | 72,7% | 71,8% |

# Kennitölur

| | 2006 | 2005 | 2004 | 2003 | 2002 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ávöxtun** | | | | | |
| Nafnávöxtun | 11,0% | 7,3% | 7,5% | 13,5% | 6,4% |
| Hrein raunávöxtun | 3,8% | 3,1% | 3,5% | 10,5% | 3,3% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 4,8% | 4,4% | 3,7% | 3,7% | 2,6% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga** | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 21,4% | 17,3% | 14,5% | 16,4% | 8,4% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 0,5% | 0,4% | 0,4% | 0,8% | 0,8% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 58,0% | 64,2% | 57,8% | 16,0% | 19,1% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 7,6% | 1,2% | 0,2% | 0,6% | 0,0% |
| Veðlán | 12,5% | 16,9% | 27,1% | 66,2% | 71,7% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlun** | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 96,3% | 98,6% | 97,7% | 99,5% | 98,4% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 3,7% | 1,4% | 2,3% | 0,5% | 1,6% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjöldi** | | | | | |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga | 1.212 | 1.364 | 1.415 | 1.555 | 1.904 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 2.454 | 2.086 | 2.019 | 1.942 | 1.832 |
| **Hlutfallsleg skipting lífeyris** | | | | | |
| Ellilífeyrir | 69,2% | 68,8% | 68,4% | 68,2% | 67,6% |
| Örorkulífeyrir | 24,1% | 24,4% | 7,0% | 6,5% | 6,4% |
| Makalífeyrir | 6,5% | 6,6% | 24,3% | 25,0% | 25,6% |
| Barnalífeyrir | 0,2% | 0,2% | 0,3% | 0,3% | 0,4% |
| | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% | 100,0% |
| **Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt** | | | | | |
| Heildarskuldbinding umfram hreina eign | 72,7% | 71,8% | 70,5% | 70,1% | 81,7% |
| Áfallin skuldbinding umfram hreina eign | 73,9% | 73,0% | 71,9% | 72,3% | 87,8% |
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign | 0,4% | 0,4% | 0,4% | 0,3% | 0,9% |

# Sundurliðanir

## Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (meðal fjárfestingargjalda)

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Þóknanir til verðbréfafyrirtækja | 10.492.329 | 9.893.366 |
| | 10.492.329 | 9.893.366 |

## Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður (meðal rekstrarkostnaðar)

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Hlutdeild í rekstrarkostnaði LSS | 35.387.609 | 35.356.184 |
| Rekstur tölvukerfis | 2.793.200 | 0 |
| Skráningar- og eftirlitsgjöld | 1.185.000 | 870.000 |
| Burðargjöld | 1.157.005 | 1.086.670 |
| Laun | 1.098.009 | 202.378 |
| Endurskoðun | 1.056.758 | 960.678 |
| Prentun | 682.788 | 277.643 |
| Dráttarvextir | 665.501 | 0 |
| Tryggingastærðfræðingur | 532.238 | 520.410 |
| Tryggingar | 434.835 | 457.677 |
| Vaxta- og heimildargjöld bankareikninga | 424.737 | 11.519 |
| Aðstoð við launavinnslu | 404.444 | 626.671 |
| Aðkeypt önnur þjónusta | 287.744 | 0 |
| Afnotagjöld hliðarkerfa | 180.257 | 19.053 |
| Árgjöld | 112.581 | 332.279 |
| Lögfræðingar | 110.650 | 0 |
| Rekstrarþjónusta vegna réttindabókhalds | 72.211 | 480.814 |
| Tryggingagjald | 67.381 | 12.293 |
| Lífeyrissjóður | 65.881 | 12.144 |
| Auglýsingar | 30.880 | 30.013 |
| Kaffi- og fundarkostnaður | 21.405 | 10.835 |
| Þjónustugjöld banka | 12.151 | 14.868 |
| Annar kostnaður | 2.250 | 0 |
| Aðkeyptur akstur | 970 | 0 |
| Vaxtagjöld af viðskiptaskuldum | 0 | 842.617 |
| Prentkostnaður vegna réttindakerfis | 0 | 38.126 |
| | 46.786.485 | 42.162.872 |

## Uppgjör áfallinna lífeyrisréttinda

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Ríkissjóður og fyrirtæki hans vegna samrekstrar | 0 | 83.528.555 |
| Faxaflóahafnir sf. (fyrir hönd Reykjavíkurhafnar) | 870.127.122 | 0 |
| | 870.127.122 | 83.528.555 |

## Sundurliðanir

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| **Kröfur á launagreiðendur** | | |
| Orkuveita Reykjavíkur, skuldabréf | 3.679.908.060 | 3.541.028.122 |
| Reykjavíkurborg | 20.308.173 | 16.565.133 |
| Ríkisbókhald launaafgreiðsla (SHR) | | 2.305.153 |
| Bílastæðasjóður Reykjavíkur | 41.176 | 734.824 |
| Orkuveita Reykjavíkur | 1.379.216 | 422.676 |
| Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar | 219.326 | 191.568 |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 118.126 | 155.918 |
| Kennarasamband Íslands | 111.915 | 109.185 |
| Fæðingarorlofssjóður | 98.253 | 48.057 |
| IBBOT slf | 15.918 | 15.918 |
| Skýrr hf. | 0 | 7.947 |
| Faxaflóahafnir sf. | (2.251.184) | 0 |
| Gjaldheimtan ehf. | 301 | 0 |
| Vélamiðstöðin ehf. | 577.590 | 0 |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs | (4.865.154) | (5.950.868) |
| Viðskiptamenn, safnreikningur | 3.695.661.716 | 3.555.633.633 |

### Aðrar skuldir

| | 2006 | 2005 |
|---|---|---|
| Fyrirfram innheimt iðgjöld | 48.778.300 | 48.778.300 |
| Staðgreiðsla launa og lífeyris | 41.908.773 | 39.788.709 |
| Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 158.633 | 23.499.738 |
| Lífeyrissjóður | 36.000 | 20.240 |
| Tryggingargjald | 11.046 | 12.293 |
| Lánadrottnar - safnreikningur | 0 | 1.898.161 |
| SKIL, lánafrádrag | 0 | (2) |
| Gjaldheimtan ehf. | (301) | 0 |
| Áfallnar tekjur | (7.726.796) | 0 |
| | 83.165.655 | 113.997.439 |

# Útreikningur kennitalna

| | | 2006 |
|---|---|---|
| Fjárfestingatekjur nettó | F | 1.334.635.184 |
| Rekstrarkostnaður sbr. lið 5, plús gjöld sbr. lið 7, mínus sbr. lið 6 | K | 46.786.485 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í ársbyrjun | A | 11.462.020.431 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok | B | 13.179.379.409 |

i=2(F-K)/(A+B-(F-K))

| | | |
|---|---|---|
| i = nafnávöxtun = | | 11,0% |
| Vísitala neysluverðs til verðtryggingar | 1.1.2006 | 248,9 |
| Vísitala neysluverðs til verðtryggingar | 1.1.2007 | 266,2 |
| j = breyting á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar = | | 7,0% |

r = ((1+i)/(1+j))-1

| | | |
|---|---|---|
| r = hrein raunávöxtun = | | 3,8% |
| Hrein raunávöxtun | 2005 | 3,1% |
| Hrein raunávöxtun | 2004 | 3,5% |
| Hrein raunávöxtun | 2003 | 10,5% |
| Hrein raunávöxtun | 2002 | 3,3% |
| Fimm ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar | | 4,8% |